

Júlfana Sveinsdóttir og
Snæbjörn Jónsson
Krossnes,
380 Reykhólahreppur.

Mosfellsbæ 1. júlí 2015
2015 06027 fb

Grenndarkynning

á umsókn um leyfi fyrir viðbyggingum við Grenibýggð 11 (Send eigendum Grenibýggðar 11, 13, 18 og 20 og Furubýggðar 28 og 30)

Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar hefur falið undirrituðum að láta fara fram grenndarkynningu í samræmi við 44. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 á umsókn eigenda Grenibýggðar 11 um leyfi til að gera bílskýli undir framlengdu þaki bílskúrs, byggja sólskála ofan á þakið og stækka garðskála. Á meðfylgjandi uppdráttum er gerð nánari grein fyrir framkvæmd þeirri sem sótt er um.

Í 44. gr. Skipulagslaga segir m.a. um grenndarkynningar:

„Þegar sótt er um byggingar- eða framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmd, sem er í samræmi við aðalskipulag hvað varðar landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar í þegar byggðu hverfi og deiliskipulag liggur ekki fyrir eða um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi getur skipulagsnefnd ákveðið að veita megi leyfi án deiliskipulagsgerðar, enda fari áður fram grenndarkynning.

Grenndarkynning felst í því að skipulagsnefnd kynnir nágrönnum sem taldir eru geta átt hagsmuna að gæta leyfisumsókn eða tillögu að breytingu á skipulagsáætlun og gefur þeim kost á að tjá sig um hana innan tilskilins frests sem skal vera a.m.k. 4 vikur. (...)“

Í þessu tilviki er um að ræða umsókn um byggingarleyfi í þegar byggðu hverfi þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir. Yður er hér með gefinn kostur á að koma skriflegum athugasemdum eða ábendingum vegna þeirra framkvæmda sem sótt hefur verið um á framfæri í Þjónustuveri Mosfellsbæjar að Þverholti 2 eða með tölvupósti til undirritaðs. Frestur til að skila inn athugasemdum/ábendingum er um 4 vikur frá dagsetningu þessa bréfs, þ.e. til og með föstudeginum 31. júlí 2015. Litið verður svo á, að þeir sem ekki gera athugasemdir séu samþykkir fyrirhugaðri framkvæmd.

Bent skal á að heimilt er að stytta tímabil grenndarkynningarinnar, ef allir þátttakendur hafa fyrir ofangreindan eindaga lýst því skriflega yfir með áritun á kynningargögn að þeir geri ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd.

Nánari upplýsingar verða gjarnan veittar hjá undirrituðum ef óskað verður, í símatíma frá kl. 10 - 11 og í viðtalstíma frá kl. 11-12 alla virka daga.

Virðingarfyllst,

Finnur Birgisson
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar
finnur@mos.is

Meðfylgjandi: *Minnkaðir uppdrættir af fyrirhugaðri framkvæmd.
Listi yfir þátttakendur í grenndarkynningu.*

Listi yfir þátttakendur í grenndarkynningu:

Vegna Grenibýggðar 11 (umsækjandi)

Brjánn Jónsson
Grenibýggð 11,
270 Mosfellsbæ

Vegna Grenibýggðar 13 (nágranni)

Helga Sigurlína Halldórsdóttir og
Valdimar Ragnar Valdimarsson
Grenibýggð 13,
270 Mosfellsbæ

Vegna Grenibýggðar 18 (nágranni)

Hanna María Helgadóttir
Grenibýggð 18,
270 Mosfellsbæ

Vegna Grenibýggðar 20 (nágranni)

Haukur Örn Harðarson og
Dagný Kristinsdóttir
Grenibýggð 20,
270 Mosfellsbæ

Vegna Furubýggðar 28 (nágranni)

Jónína Sigurgeirsdóttir og
Ólafur Thoroddsen
Furubýggð 28,
270 Mosfellsbæ

Vegna Furubýggðar 30 (nágranni)

Júlfána Sveinsdóttir og
Snæbjörn Jónsson
Krossnes,
380 Reykhólahreppur